



Nýsköpun í Flataskóla

Þróunarverkefni 2017 – 2018

Heiti verkefni: Nýsköpun í Flataskóla

Styrkþegar: Flataskóli

Verkefnisstjórar: Birna Sif Bjarnadóttir og Sigrún Guðmundsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Nemendur:

Lögð áhersla á að nemendur efli og auki trú á eigin sköpunargáfu. Nemendur læra ákveðin vinnubrögð í hugmyndavinnu og verða meðvitaðari um gildi hluta og umhverfis. Nemendur læra þarfagreiningu og leggja áherslu á að skoða umhverfið og greina þarfir þess og vandamál og í kjölfarið finna lausnir við þeim. Nemendur læra að meta notagildi, vinna að hönnun hluta og útliti uppfinninga. Með þessum vinnubrögðum er vonast til að efla frumkvæði nemenda og gera þá að sjálfstæðum, ábyrgum einstaklingum.

Kennarar:

Læra helstu þætti þess hvernig hægt sé að kenna nýsköpun og fá utanaðkomandi fræðslu ásamt jafningjastuðning frá þeim sem hafa nú þegar sótt námskeið í nýsköpun. Eflir kennara í samvinnu og samþættingu og styrkir innviði skólans um leið með fjölbreytni í skólastarfi.

Markmiðið er að innleiða nýsköpunarkennslu í Flataskóla og gera nýsköpun að hluta af almennri menntun nemenda. Að kennarar eflist í kennslu nýsköpunar og noti til þess fjölbreyttar kennsluaðferðir. Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði og stuðla að ánægju nemenda með nýjum áherslum í námi.



Vinna á kennarafundi – Þarfagreining og lausnaleit.

Leiðir til að ná markmiði:

Haldin var nýsköpunarvika í Flataskóla þar sem nemendur fóru í gegnum helstu þætti þess að vinna með nýsköpun og haldin var uppskeruhátíð. Segja má að í þessari viku hafi verið farið í gegnum öll þau helstu markmið sem við settum eftir aldri og getu nemenda.

Til að hafa þetta markvisst og kennarar væru með nokkuð samræmt ferli þá var sett saman teymi með einum kennara úr hverjum árgangi ásamt tveimur verk- og listgreinakennurum. Þessi hópur fékk sérstaka kennslu á þarfagreiningu og lausnaleit og miðlaði upplýsingum í kennarateymið sitt. Þetta sama nýsköpunarteymi hittist reglulega með verkefnisstjórum þar sem almenn skipulagning og framkvæmd var rædd og ákveðin. Allir kennarar fengu fyrirlestur þar sem stiklað var á stóru varðandi nýsköpun í skólastarfi, þarfagreiningu og lausnaleit.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Þar sem styrkurinn var lægri en óskað var eftir þurftum við að minnka umfang verkefnisins og sníða það að þeim styrk sem við fengum. Helstu frávik voru tímasetningar en upphaflega var áætlað að halda nýsköpunarvikuna í marsmánuði en við höfðum vikuna í maí. Kennarar og starfsfólk voru sammála um að þessi tímasetning hafi hentað skólastarfinu mjög vel og stefnum við að því að hafa viku með svipuðu sniði að ári.

Helstu hindranir voru þær að þessi vika var ekki sérmerkt sem uppbrotsdagur kennara á skóladagatali og til að framkvæmdin yrði ekki of kostnaðarsöm þá gátum við ekki nýtt list- og verkgreinakennara eins mikið og við hefðum viljað gera. Stefnum á að breyta þessu á næsta skólaári.

Mat á verkefninu:

Mikil ánægja var með verkefnið hjá kennurum, nemendum og foreldrum. Má þess geta að foreldrar mættu almennt mjög vel á uppskeruhátíðina og töluðu þar sérstaklega um áhuga barna sinna á verkefninu. Framkvæmdin tókst mjög vel og áhugi var mikill.

Ráðstöfun styrks:



Heildarupphæð styrks: 878.000-

Laun	506.250
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	160.200
Gögn o.fl.	211.550

Samtals: 878.000-

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Haldin var uppskeruhátíð þar sem nemendur kynntu verkefni sín fyrir foreldrum og öðrum góðum gestum. Í nýsköpunarkennslunni voru nemendur að fást við raunveruleg viðfangsefni og nám þeirra endurspegladi nærsamfélag þeirra og snerist námið um ápreifanleg viðfangsefni. Sköpunargáfa nemenda var styrkt með fjölbreyttum aðferðum. Börnin komu fram með mjög skemmtilegar hugmyndir sem þau unnu með og útfærðu af áhuga og metnaði.



Undirbúningur nemenda og uppskeruhátíð

Fyrir hönd Flataskóla, Birna Sif og Sigrún

